



## Ný heimasíða Þingeyjarsveitar

Ný heimasíða Þingeyjarsveitar hefur verið sett í loftið. Síðan hefur vefslóðina, [www.thingeyjarsveit.is](http://www.thingeyjarsveit.is), og á að vera aðgengilegri og skilvirkari en eldri síða.

Ef íbúar Þingeyjarsveitar hafa skemmtilegar hugmyndir eða athugasemdir sem gætu bætt nýja heimasíðu er þeim bent á að hafa samband við skrifstofu Þingeyjarsveitar í gegnum tölvupóstfangið [thingeyjarsveit@thingeyjarsveit.is](mailto:thingeyjarsveit@thingeyjarsveit.is)



## STARF BÓKASAFNSVARÐAR

Starf bókasafnsvarðar við Bókafnið í Stórutjarnaskóla er laust til umsóknar. Um er að ræða 22% stöðugildi, tveir tímar á þriðjudögum og á fimmtudagskvöldum ásamt því að sinna innkaupum o.fl. fyrir safnið. Æskilegt er að umsækjandi hafi reynslu og þekkingu bókasafnsvarðar. Umsóknarfrestur er til 5. desember. Allar nánari upplýsingar veitir Dagbjört á skrifstofu Þingeyjarsveitar í síma 464 3322, netfang [dagbjort@thingeyjarsveit.is](mailto:dagbjort@thingeyjarsveit.is)

## Gospelmessa í Þorgeirskirkju

Gospelmessa (sem var frestað vegna veðurs 13. nóvember) verður haldin í Þorgeirskirkju fyrir Háls - Ljósavatns og -Lundarbrekkusóknir

**sunnudagskvöldið 20. nóvember kl. 20.00.**

Gospelkór Akureyrar undir stjórn Heimis Ingimarsson syngur við messuna. Fermingarbörn og fjölskyldur eru sérstaklega hvött til að mæta. Allt verður í syngjandi sveiflu og að sjálfsgöðu „Oh Happy Day.

" Verið öll hjartanlega velkomin!



## Sundlaugin á Laugum auglýsir

Viltu koma og fljóta og njóta á opnunartíma í heitu sundlauginni okkar!

Nú ætlum við að leigja flotbúnað á 1500.kr til þín.  
Komdu í sund, það hressir bætir og kætir!

opnunartímar sem hér segir:  
mán-fim 7:30-9:30 og 16:00-21:30  
fös 7:30-9:30  
lau 14:00-17:00  
sími sundlaugar 464-6308  
Sími forstöðumans 861-6759, Íris.



## Viltu taka þátt í markaðsdegi?

Markaðsdagurinn verður haldin 11. desember frá kl. 14-18 í Jarðböðunum við Mývatn. Sama dag verður hið árlega jólabað Jólasveinana í Dimmuborgum.

Leiga á borði er sem fyrr kr. 4.500,-  
Innifalið í gjaldi er borð, dúkur og auglýsingar í útvarpi, aðventudagatali Mývatnsstofu, Mýflugunni og Hlaupastelpunni.

**Vinsamlegast skráið ykkur fyrir 5. desember.** Skráning og nánari upplýsingar í Mývatnsstofu. Vinsamlegast sendið póst á Guðrúnu Brynleifsdóttur, [gudrun@visitmyvatn.is](mailto:gudrun@visitmyvatn.is) eða hringið í síma: 898 9820.

*Mývatnssveit töfraland jólanna*



## Fótsnyrting

Kvenfélag Aðaldæla býður Aðaldælingum  
67 ára og eldri í fótsnyrtingu laugardaginn 26. í skólanum.  
Skráning fer fram hjá Sigrúnu sími 8652011.



## Frá Stórutjarnaskóla

### *Danssýning og fullveldisdagskrá*

Vikuna 21. – 25. nóvember fer fram danskennsla í Stórutjarnaskóla. Henni lýkur með danssýningu, **föstudaginn 25. nóvember**, sem fléttuð verður við stutta dagskrá í tilefni af fullveldisdeginum 1. desember.

**Dagskráin hefst kl 13:30.**

**Fríar veitingar að lokinni dagskrá**

**Allir velkomnir**

*Skólastjóri*



## Dansæfing



Dansæfingar verða í Ljósvefningabúð  
föstudagskvöldið 25. nóvember  
frá kl.20:30-22:30.

Allir hjartanlega velkomnir

Miðaverði 1000 kr

Stjórnin



## Ágætu Þingeyingar!

Vatnajökulsþjóðgarður vinnur nú að gerð fræðsluáætlunar til að efla og þróa þá fræðslu sem gestum þjóðgarðsins býðst. Mikilvægt er að rödd hagsmuna- og samstarfsaðila á hverju svæði þjóðgarðsins fái að heyrast í þeirri vinnu. Í byrjun október var fundur haldinn í Reykjavík með fulltrúum ýmissa stofnana og samtaka, en nú er komið að því að leita til þeirra sem búa og/eða starfa næst þjóðgarðinum. Því boðum við til tveggja funda á norðursvæði Vatnajökulsþjóðgarðs:

**fimmtudaginn 17. nóvember, kl. 15:30 í Gljúfrastofu, Ásbyrgi  
þriðjudaginn 22. nóvember, kl. 15:30 á Sel Hóтели, Mývatnssveit**

Á fundunum langar okkur að ræða markmið þjóðgarðsins í fræðslustarfi, velta fyrir okkur helstu viðfangsefnum fræðslunnar, greina möguleika á samstarfi og draga fram sérstöðu hvers svæðis, ekki síst Jökulsárgljúfra og Ódáðahrauns. Báðir fundirnir eru opnir öllum áhugasömum.

Fundirnir standa hvor í um 2½ klst. Kaffiveitingar verða á boðstólum.

Vinsamlegast tilkynnið þátttöku á netfangið [guðmundur@vjp.is](mailto:guðmundur@vjp.is) eða í síma 842 4360, í síðasta lagi þremur tímum áður en fundur hefst. Eins viljum við hvetja ykkur til að hafa samband ef einhverjar spurningar vakna.

Fyrir hönd starfshóps um gerð fræðsluáætlunar  
Vatnajökulsþjóðgarðs,  
Guðmundur Ógmundsson (842 4360)  
Hrönn G. Guðmundsdóttir (842 4363)



## Héraðsnefnd Þingeyinga bs.

Haustfundur fulltrúarráðs Héraðsnefndar Þingeyinga bs. fer fram í Heiðarbæ í Reykjahverfi föstudaginn 18. nóvember nk. kl. 14:00. Fundurinn er öllum opin til áheyrnar meðan húsrúm leyfir.

F.h. Héraðsnefndar Þingeyinga bs.  
Reinhard Reynisson

## Tíminn í vatninu - myndlistarsýning

Laugardaginn 19. nóvember kl. 15:30 opnar Guðlaugur Bjarnason sýningu á nýjum olíumálverkum og eldri vatnslitamyndum frá Mývatnssveit í Listasmiðjunni á Laugum. Við opnun munu þær Margrét Hrafnadóttir söngkona og Ave Sillaots harmoniku-leikari flytja nokkur lög eftir Ingibjörgu Azimu við ljóð Jakobínu Sigurðardóttur skáldkonu. Þar á meðal lagið "Dimmuborgir" sem var frumflutt við opnun sömu sýningar í Listhúsi Ófeigs núna í haust. Tónlistin byrjar um fjögurleytið, verið hjartanlega ♥ velkomin :) Sýningin verður opin næstu sunnudaga frá kl. 14-17 (20.nóv, 27.nóv.,4.des).

Listasmiðjan á Laugum, í Breiðanesi.

Jólamarkaður í Listasmiðjunni áætlaður 27/11 -  
áhugasamir um söluborð hafið samband.



## Halló! Allir fullorðnir!

Íþróttanefnd fullorðinna félagsmanna (ÍFF) innan HSP hvetur eldri félagi og aðra fullorðna á öllum aldri, sem búa á héraðssvæði HSP, til að stunda reglulega hreyfingu.

Þekkt staðreynd er, að regluleg hreyfing og iðkun íþrótta hefur mjög góð áhrif á líkamlega og andlega heilsu fólks. ÍFF hefur tekið saman lista yfir þá hreyfinguleika sem eru í boði í þinni heimabyggð og hægt að finna sér hreyfingu við hæfi og áhuga.

*Fyrir áhugasama um þátttöku á Landsmóti UMFÍ 50+ þá verður það haldið snemma sumars í Hveragerði 2017. Meira um það síðar.*

**Hreyfing er gulls ígildi - aldrei of seint að byrja!**

### LAUGAR:

**Sundlaugin á Laugum er opin:** Sund er góð alhliða hreyfing fyrir alla! má-fim 7:30-9:30. og 16:00 – 21:30. föst 7:30- 9:30. laug.14:00 -17:00 Stefnt er að því að **sundleikfimi** hefjist 23. nóv. nánar auglýst síðar.

### Íþróttahúsið á Laugum:

Tækjasalurinn er opin á sama tíma og sundlaugin.

Ef áhugi er hjá fólki fyrir því að stunda göngu innandyra í íþróttahúsinu þegar viðrar illa þá er hið besta mál að hafa samband við Jóhönnu húsvörð s. 8479832

Bogfimi fyrir fullorðna á þriðjud. kl. 19:30 – 21:30

Hlaupabrautin á útivellinum er upphituð, þangað geta allir farið hvenær sem er og gengið eða skokkað.

### Dalakofinn:

Bridds spilað á fim.d. kl. 20:30 – best að hafa mótspilara með sér.

### STÓRUTJARNASKÓLI:

**Sundlaugin í Stórutjarnaskóla:** Sund er góð alhliða hreyfing fyrir alla!

Opin mánd kl. 19:00–21:00 og fimmt. 19:30-21:30.

**Tækjasalur** er opin á sama tíma eða í samráði við Friðrik húsvörð s.8623825

**Leikfimi fyrir alla – konur og karla:** fram að 7. des. n.k. miðv.d. kl. 17:00 – 18:00

**Opið hús fyrir 60+** þá er boðið upp á æfingu í boccia milli kl. 12:00 – 13:00 næsta skipti verður 6. des. og svo áfram eftir áramót.

46.tbl.  
16.nóv  
2016  
23. árg.

# Hlaupastelpan

hlaupastelpan@isl.is,s:4643366/gsm:8953386



**Tónleikar**  
**Stálin stinn**  
*Skagfirskt grobb mætur þingeyksku monti*  
Karlakórinn Hreimur og Karlakórinn Helmir

Ýdölum Aðaldal 19. nóvember. kl. 20:30

Skorið verður endanlega úr um það hverjir séu montnari,  
Skagfirðingar eða Þingeyingar.

Miðasala við innganginn,miðaverð 3.500 kr.